

## 013/00 - M.b. Manni á Stað SU-100

Manni á Stað SU-100, leki á siglingu út af Austfjörðum

### M.b. Manni á Stað SU-100

**Skipaskr.nr.:** 1463

**Smíðaður:** á Fáskrúðsfirði 1976 úr eik

**Stærð:** 16,84 brl; 21,03 bt

**Lengd:** 13,94 m **Breidd:** 3,74 m **Dýpt:** 1,61 m

**Vél:** Cummins 147,00 kW **Árgerð:** 1980

**Annað:**

**Földi skipverja:** 1



Manni á Stað ©Hafþór Hreiðarsson

### Atvikalýsing

Hinn 20. janúar 2000 var m.b. Manni á Stað SU-100 á siglingu frá Breiðdalsvík til Stöðvarfjarðar. Veður: hægviðri.

Þegar báturinn var staddur fyrir sunnan Kambanes á móts við Iðusker fannst stjórnanda hans báturinn vera orðinn óeðlilega þungur. Þegar að var gáð kom í ljós að nokkur sjór var kominn í bátinn, lest, vélarrúm og vistarverur. Skipstjóri sem var einn á bátinum kallaði eftir aðstoð og stöðvaði vélina. Eftir að vélin var stöðvuð hætti innrennsli sjávar í bátinn að mestu.

Báturinn var dreginn til hafnar af öðrum báti.

Við athugun kom í ljós að rör frá sjókælinum fyrir vélina var í sundur og dældi vélin sjó inn í bátinn á meðan hún var í gangi. Var rörið tært í sundur þar sem það var tengt við slöngu.

### Við rannsókn kom fram

- að tveir voru skráðir á bátinn en aðeins einn um borð;
- að viðgerðir voru framkvæmdar af eigendum og með aðstoð frá verkstæðum eftir þörfum.

### Nefndarálit

Nefndin telur að atvik þetta sýni nauðsyn þess að fram fari skipulagt eftirlit með vélbúnaði skipa (fyrirbyggjandi viðhald). Búnaður, sem gefur viðvörðun ef vökvi safnast fyrir í rými/rýmum skips, hefði getað varað stjórnanda fars fyrir við yfirvofandi hættu hefði hann verið fyrir hendi og í lagi.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin leggur til að búnaður, sem gefur viðvörðun, ljós eða hljóðmerki, ef vökvi safnast fyrir í rýmum skips, verði gerður að skyldubúnaði um borð í skipum. Skipstjórnarmönnum verði gert skylt að prófa þennan búnað reglulega (vikulega eða oftár) og bóka um prófun í dagbók skips.

